


# SVANSVOTTUN

STUTTAR LEIÐBEININGAR UM  
NOTKUN Á SVANSMERKINU



Harðar kröfur  
Auðvelt val

# EFNISYFIRLIT



<b>1. GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM SVANSMERKIÐ.....</b>	<b>3</b>
<b>2. ALMENNAR REGLUR UM NOTKUN SVANSMERKISINS.....</b>	<b>4</b>
<b>3. NOTKUN SVANSMERKISINS Í MARKAÐSEFNI.....</b>	<b>5</b>
a. Allar vörur/þjónusta Svansvottaðar	
b. Aðeins ákveðnar vörur/þjónusta Svansvottaðar	
<b>4. SVANSVOTTAÐIR PRENTGRIPIR.....</b>	<b>7</b>
<b>5. BYGGINGARVERKEFNI Í SVANSVOTTUNARFERLI.....</b>	<b>8</b>

# GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM SVANSMERKIÐ

Það þarf ALLTAF að vera skýrt hvaða vara eða þjónusta er Svansvottuð.



- Svansleyfishafar á Íslandi fá Svansmerki með sínu leyfisnúmeri hjá *svanurinn@ust.is*
- Hægt er að fá Svansmerkið á:
  - *Íslensku*
  - *Ensku*
  - *Dönsku*
  - *Sænsku*
  - *Norsku*
  - *Finnsku*

**95%**  
Þekkja svaninn

**80%**  
Treysta að vara sé umhverfisvæn ef hún er Svansvottuð

**14%**  
Treysta umhverfis yfirlýsingum framleiðenda

**75%**  
Finnst það krefjast meiri fyrirhafnar að finna umhverfisvænar vörur

**89%**  
Finnst að umhverfisyfirlýsingar eigi að vera staðfestar af óháðum þriðja aðila

# ALMENNAR REGLUR UM NOTKUN SVANSMERKISINS

- Til að auka gagnsæi er mælst til þess að hafa leyfisnúmerið með merkinu.
  - Svansleyfishafar geta fengið merki með sínu leyfisnúmeri hjá [svanurinn@ust.is](mailto:svanurinn@ust.is)

Svansmerkið  
1234 5678

eða



- Það má ekki breyta merkinu, leyfishafar eru með aðgang að þeim útgáfum af merkinu sem má nota. Dæmi um ranga framsetningu á Svansmerkinu:



- Passa skal að hafa jafnvægi í stærð merki fyrirtækisins og Svansins.
  - Svansmerkið ætti til dæmis ekki að yfirgnæfa merki fyrirtækisins.
- Ekki nota Svansmerkið ef leyfið er ekki í gildi.

Það þarf ALLTAFF að vera skýrt hvaða vara eða þjónusta er Svansvottuð.



## Leyfilegt

Gefa til kynna að varan/þjónustan sé Svansvottuð

## EKKI leyfilegt

Nota Norræna Svaninn sem hluta af vöruheitinu, t.d. "Svans-buxur"

# NOTKUN SVANSMERKISINS Í MARKAÐSEFNI

## ALLAR VÖRUR/ ÞJÓNUSTA ERU SVANSVOTTAÐAR

Lesa meira: <https://svanurinn.is/fyrir-leyfishafa/>


### Allar vörur fyrirtækisins eru Svansvottaðar

- Svansmerkið má nota í tengslum við fyrirtæki sem er eingöngu með Svansvottaðar vörur.



### Öll þjónusta fyrirtækisins er Svansvottuð

- Svansmerkið má nota í tengslum við fyrirtæki sem er Svansvottað.



- Ef fyrirtækið setur Svansmerkið á kynningarvörur, s.s. prentefni, boli eða poka, þá þarf að vera skýrt hvað er vottað.



# NOTKUN SVANSMERKISINS Í MARKAÐSEFNI

AÐEINS ÁKVEÐNAR  
VÖRUR/ÞJÓNUSTUR  
ERU SVANSVOTTAÐAR

## Aðeins ákveðnar vörur eru Svansvottaðar

- Svansmerkið skal ávalt vera staðsett við hliðina á Svansmerktri vöru.
  - Ekki í tengslum við fyrirtækið í heild sinni.



- Leyfilegt er að bjóða upp á leitarglugga eða síu til að finna Svansvottaðar vörur.

## Aðeins ákveðnar þjónustur er Svansvottaðar

- Svansmerkið skal ávalt vera staðsett við hliðina þess hluta þjónustunnar sem er Svansvottuð.
  - Ekki í tengslum við fyrirtækið í heild sinni.



# SVANSVOTTAÐIR PRENTGRIPIR

Svansvottaðan prentgrip er eingöngu hægt að versla hjá Svansvottaðri prentþjónustu.

Uppfylla þarf **fimm** kröfur til að hægt sé að votta vöruna sem Svansvottaðan prentgrip:

1. Pappírinn í prentgripnum er Svansvottaður eða samþykktur af Svaninum.
2. Hvorki prentgripurinn né umbúðir hans innihalda PVC-plast.
3. Engin ilmefni eru notuð við framleiðsluna.
4. Prentgripurinn er prentaður af Svansvottaðri prentsmiðju og allir undirverktakar eru samþykktir af Svaninum.
5. Svansvottaðir prentgripir skulu vera auðgreinanlegir frá öðrum pöntunarseðlum.



## ATHUGIÐ

Sýna þarf sérstaka varfærni þegar auglýsingabæklingar eða markaðsefni fyrirtækja er prentað á Svansvottaðan prentgrip. Þá skal alltaf vera mjög skyrt að það er eingöngu prentgripurinn sjálfur sem er Svansvottaður en ekki eitthvað annað.



**RÉTT UPPSETNING**  
Dæmi um rétta uppsetningu og notkun á Svansmerkinu á prentgrip sem stenst kröfur Svansins. Það þarf ávaltt að vera mjög skýrt hvað sé raunverulega Svansvottað.

Annað dæmi um rétta uppsetningu

Svansmerkið, Prentgripur, 1234 56

## ÓVOTTADÆDIR PRENTGRIPIR

### Leyfilegt

Gefa til kynna á prentgripum sem **ekki** standast kröfur Svansins að þeir séu prentaðir af Svansvottaðri prentþjónustu.

- Hér má EKKI nota Svansmerkið sjálft.
- Leyfisnúmer þarf að koma fram.
- Textinn verður að vera læsilegur.

### EKKI leyfilegt

Merkja prentgipi sem ekki standast kröfur Svansins með Svansmerkinu.

- Það sama gildir hvort sem það stendur „Prentsmiðja“ í stað „Prentgripur“ eða eitthvað slíkt.

# BYGGINGARVERKEFNI Í SVANSVOTTUNARFERLI

## Verkefni enn í Svansvottunarferli

Þegar byggingarverkefni eru enn í Svansvottunarferli þarf að passa orðalagið þegar vísað er í Svaninn.

Það sem er leyfilegt er:

- Að taka fram að byggingin sé “í Svansvottunarferli”

Það sem er ekki leyfilegt er:

- Að nota Svansmerkið.
- Að segja að byggingin sé Svansvottuð.

## Verkefni sem hafa hlotið Svansvottun

Þegar byggingarverkefni hafa hlotið Svansvottun er um að gera að gera því hátt undir höfði.

Það sem er leyfilegt er:

- Að nota Svansmerkið.
- Vísa í bygginguna sem Svansvottaða.
- Markaðssetja bygginguna sem Svansvottaða.

Það sem er ekki leyfilegt er:

- Brjóta almennar reglur Svansins um notkun á Svansmerkinu.

